

■ Ráð Kvennalistans til að kalla varamenn til Alþingis

Þingkonur fari í fundaherferð

— segir **Kristín Ástgeirsdóttir** þingkona.

„Við munum eins og áður reyna að nota þau tækifæri sem gefast til að taka inn varamenn og dreifa þeim nokkuð þannig að það séu ekki alltaf sömu konurnar sem koma inn. Það gefst hugsanlega færi á því að við þingkonurnar förum í fundaherferðir út á land á kostnað Kvennalistans og varamenn kæmu þá inn á meðan,“ sagði **Kristín Ástgeirsdóttir** þing-

kona í samtali við Alþýðublaðið.

Eins og fram kom í blaðinu í gær var samþykkt á landsfundi Kvennalistans að gera fleiri röddum kleift að tjá sjónarmið flokksins á Alþingi. Lög um þingsköp kveða hins vegar á um að kjörnum þingmönnum sé skylt að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Lögin gera því ekki ráð fyrir að kjörnir þingmenn rými fyrir vara-

mönnum til þess eins að fjölga röddunum.

„Á landsfundinum kom fram að sumum fannst að á síðasta kjörtímabili hafi það verið alltof þröngur hópur sem kom inn sem varapingmenn. Ekki hafi verið viðhaldið þeirri reglu sem Kvennalistinn beitti áður að fara svolítið niður listann. Hin hliðin á þessu er auðvitað sú að með þessum

litla þingflokki okkar núna gefast færri tækifæri fyrir varamenn að koma inn á þing. Við erum ekki í nærri því eins miklu alþjóðasamstarfi og við vorum á síðasta kjörtímabili sem oft gaf tilefni til að kalla inn varamann. En hér er í raun ekki um neinar breytingar frá því sem var en við höfum skráð þetta í reglur,“ sagði **Kristín Ástgeirsdóttir**.

15. 11. '95